

3. Í staðinn fyrir þau prestsembætti, sem lögð eru niður skv. 1. gr., skulu upp tekin í prófastsdæmunum samkvæmt liðum I–XIII í sömu grein eigi færri embætti farpresta og/eða aðstoðarpresta, sbr. 3. og 9. gr.
4. Ákvæði laga þessara um vígslubiskupa taka til þeirra vígslubiskupa sem nú eru í starfi. Þó skulu ákvæði 42. gr. um fasta búsetu vígslubiskupa ekki eiga við um vígslubiskupa sem eru í starfi við gildistöku laganna.
5. Meðan núverandi sóknarprestur í Skálholtsprestakalli þjónar kallinu taka ákvæði 42. gr., um að vígslubiskup í Skálholti gegni prestsstörfum í Skálholtsprestakalli, ekki gildi.
6. Lög þessi skulu koma til endurskoðunar eigi síðar en 1995. Þó skal ráðherra láta nú þegar athuga hvort hagkvæmara sé að Árness-, Hólmavíkur- og Prestsbakkaprestaköll í Húnavatnsprófastsdæmi færist til prófastsdæmis í Vestfjarðakjördæmi. Verði sú niðurstaða skal hann leggja fram frumvarp til laga um þá breytingu á næsta Alþingi.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Óli P. Guðbjartsson.*

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Hagnaður manns af sölu hlutabréfa, sem hann hefur keypt á árinu 1990 og síðar í félögum sem ríkisskattstjóri hefur á söluári bréfanna veitt staðfestingu um að uppfylli skilyrði III. kafla laga nr. 9/1984, telst þó ekki til skattskyldra tekna hafi hin seldu hlutabréf verið í eigu mannsins í full fjögur ár. Hámark skattfrjálst hagnaðar samkvæmt þessari málsgrein er 300.000 kr. Um hagnað umfram skattfrjálst hámark og um hagnað af sölu hlutabréfa, sem maður hefur keypt á árinu 1989 eða fyrr, fer eftir ákvæðum 1. mgr.

2. gr.

Í stað „10%“ í 1. másl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. a-lið 4. gr. laga nr. 8/1984 og a-lið 1. gr. laga nr. 117/1989, komi: 15%.

3. gr.

Við 31. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 2/1988, bætist nýr töluliður er verði 4. tölul. og orðist svo:

Sannanlega tapað hlutafé sem aðili hefur eignast á þann hátt að hann hefur, vegna

greiðsluferfiðleika hlutafélags, tekið hlutabréf sem gagnjald fyrir viðskiptakröfu sem hann átti á hendur hlutafélagi enda hafi viðskiptakrafan verið vegna sölu á vöru eða þjónustu. Má draga verð slíkra hlutabréfa frá tekjum á því tekjuári þegar hlutafé er sannanlega tapað.

## 4. gr.

Í stað „10%“ í 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna, sbr. b- og c-lið 5. gr. laga nr. 8/1984, komi: 15%.

## 5. gr.

4. másl. 5. tölul. 1. mgr. 74. gr. laganna orðist svo: Séu verðbréf önnur en hlutabréf skráð á opinberu kaupþingi skal telja þau til eignar á kaupþingsverði síðasta kaupþingsdags fyrir lok reikningsárs.

## 6. gr.

122. gr. laganna, sbr. a-lið 20. gr. laga nr. 49/1987, 19. gr. laga nr. 97/1988 og 14. gr. laga nr. 117/1989, orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir sem um ræðir í 3. mgr. 17. gr., 2. og 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1991.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1991 vegna tekna og eignar á árinu 1990.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

## LÖG

**um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Ákvæði laga þessara taka til félagsmanna í þeim stéttarfélögum sem við gildistöku þeirra eru aðilar að Atvinnuleysistryggingasjóði, svo og í þeim stéttarfélögum sem stjórn sjóðsins veitir síðar aðild að sjóðnum eftir umsókn þeirra þar um. Lögin taka ekki til þeirra sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum.